

Á fundi allsherjarnefndar í morgun var fjallað um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn. Á fundinum komu fram ýmsar athugasemdir við frumvarpið og var óskað eftir greinargerð ráðuneytisins um þau atriði sem á fundinum komu fram. Hér að neðan eru spurningar og athugasemdir nefndarmanna feitletraðar, og svör ráðuneytisins í framhaldi af hverri spurningu og athugasemd.

Um 1. gr.: viðurkennd heildarsamtök björgunarsveita, hver viðurkennir eða vottar heildarsamtökin?

Björgunarsveitir hafa komið sér saman um að starfa innan heildarsamtaka sinna, Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem stofnuð voru 1999. Þetta eru einu starfandi heildarsamtök björgunarsveita á landinu. Slysavarnafélagið Landsbjörg starfar á landsvísu og hefur innan sinna vébanda yfir 100 björgunarsveitir, um 5000 björgunarsveitamenn og um 80 slysavarnadeildir.

Í reglugerð nr. 740, 2000 um almannavarnaráð, segir að Slysavarnafélagið Landsbjörg og Rauði krossin skuli eiga áheyrnarfulltrúa á fundum almannavarnaráðs, og skuli dómismálaráðherra skipa áheyrnarfulltrúa að fenginni tillögu viðkomandi samtaka. Hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg því öðlast ákveðinn sess með því að gert er ráð fyrir samtökunum í nefndri reglugerð.

Með 1. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir sérstakri opinberri viðurkenningu eða vottun á heildarsamtökum björgunarsveita. Fremur er gert ráð fyrir að þetta séu heildarsamtök björgunarsveita, sem björgunarsveitirnar sjálfar viðurkenna sem sín samtök.

Um 2. gr. skilgreining á gæsla og hvort slík gæsla taki til gæslu erlendra þjóðhöfðinga í opinberum heimsóknum.

Í 2. gr. kemur fram að með gæslu sé átt við aðstoð við að gæta manna og verðmæta á svæðum sem lokað hafi verið vegna hættuástands. Í athugasemdum með 2. gr. segir að átt sé við svæði sem lyst hafi verið hættusvæði af stjórnvöldum vegna stórslysa eða náttúruhamfara. Þá er sérstaklega tekið fram, að með gæslu í frumvarpinu sé ekki átt við öryggisgæslu, svo sem við heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja. Gert sé ráð fyrir að almannahagsmunir séu í hættu og að gæsla standi ekki yfir í lengri tíma.

Lögreglustjórar sinna öryggisgæslu við opinberar heimsóknir erlendra þjóðhöfðingja. Ljóst er að þetta er almennt ekki hlutverk björgunarsveita.

Um 3. gr., hvað felist í ábyrgð stjórnvalda.

Í athugasemdum með 3. gr. segir að stjórnvöld hafi yfirstjórn með aðgerðum en hafi ekki afskipti af innra skipulagi björgunarsveita. Í yfirstjórn stjórnvalds með aðgerðum felst að björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn starfa jafnframt á ábyrgð stjórnvalda.

Stjórnvöld kalla björgunarsveitir út til starfa, og eru björgunarsveitir þar með á ábyrgð þeirra sem ákveða að sveitirnar taki þátt í björgun, leit og gæslu og undir stjórn viðkomandi stjórnvalds.

4. gr. orðalagið björgunarsveitum er skylt að hefja björgun.

Í 4. gr. segir að björgunarsveitum sé skylt að hefja björgun, leit og gæslu ef eftir því er óskað af stjórnvaldi. Þetta er ekki skylduákvæði varðandi útkall einstakra björgunarsveitarmanna. Það er björgunarsveitin sem undirgengst þessa skyldu. Menn ákveða sjálfir hvort þeir gerast félagar í björgunarsveit, og félagar í björgunarsveitum ákveða sjálfir hvort þeir eru á útkallslista sveitarinnar. Þeir sem eru á slíkum útkallslista gera það væntanlega að höfðu samráði við vinnuveitendur sína. Vinnuveitendur björgunarsveitarmanna hafa almennt verið skilningsríkir gagnvart þessum starfsmönnum sínum. Sé starf björgunarsveitarmanns þess eðlis að ekki sé hægt að komast úr vinnu með góðu móti til að sinna björgunarstörfum, getur viðkomandi starfsmaður væntanlega ekki verið á útkallslista sveitarinnar.

Í frumvarpinu er ekki viðurlagaákvæði og því ekki hægt að bregðast við með neinu móti ef út af skyldu þessari er brugðið.

Í nefndinni sem samdi frumvarpið var fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þetta frumvarp er afrakstur starfs nefndarinnar og vilji þeirra til þeirra laga sem þeir vildu hafa um starfsemi björgunarsveita og björgunarsveitarmanna. Skylduákvæðið er því ekki í óþökk Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Um 5. gr., fjárhagsliðir varðandi tryggingar.

Samkvæmt upplýsingum Slysavarnafélagsins Landsbjargar má gera ráð fyrir að kostnaður þeirra á ári við greiðslu iðgjalda trygginga skv. 5. gr. frumvarpsins verði um 5 milljónir króna þegar allt er talið.

Möguleg refsíabyrgð björgunarsveitamanna verði frumvarpið að lögum, geta þeir borið refsíabyrgð sem opinberir starfsmenn?

Björgunarsveitir starfa á grundvelli sjálfbæðastarfs, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og er því ekki um launað starf að ræða. Björgunarsveitarmenn geta því ekki verið starfsmenn, hvorki opinberir né almennir og því ekki borið refsíabyrgð sem opinberir starfsmenn.

Í 20. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996 segir að lögregla geti kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann. Björgunarsveitir geta fallið þar undir þetta ákvæði, þar sem almennt eru það lögreglustjórar sem kalla björgunarsveitir út. Skv. 2. mgr. 20. gr. fara slíkir aðstoðarmenn lögreglu með lögregluvald meðan á aðstoðinni stendur og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn. Skv. athugasemdum með lögreglulögum er einungis átt við vernd, en ekki mögulega refsíabyrgð.

Um athugasemdir í umsögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um skilgreiningu á stjórnvöldum í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins

Í 2. gr. frumvarpsins eru stjórnvöld í frumvarpinu skilgreind sem þau stjórnvöld sem lögum samkvæmt fari með yfirstjórn björgunar- og leitarmála á hverjum tíma. Þau stjórnvöld sem talin eru upp í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins eru nánari skýring á þeim stjórnvöldum sem fara með slíka yfirstjórn samkvæmt viðkomandi lögum. Slökkvilið fara ekki með yfirstjórn slíkra björgunar- og leitarmála sem frumvarp þetta fjallar um. Slökkvilið sinna björgunarmálum þegar um eldsvoða og slys er að ræða og lög um brunavarnir eiga við. Þeir sem stjórna leitar- og björgunarmálum, geta leitað til slökkviliða til aðstoðar, en í þeim tilvikum eru slökkvilið undir yfirstjórn þeirra sem leit og björgun stjórna, almennt viðkomandi lögreglustjóra.

Um frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn og frumvarp til laga um breyting á lögum um almannavarnir, lögreglulögum, lögum um Viðlagatryggingu Íslands, lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um fjarskipti.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að engin efnisleg tengsl eru á milli þessara tveggja frumvarpa. Markmið frumvarpsins um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn er að tryggja réttarstöðu björgunarsveita og björgunarsveitarmanna, en staða þeirra hefur verið mjög óljós. Með frumvarpinu til breytinga á lögum um almannavarnir og fleiri lögum er gert ráð fyrir að verkefni Almanna- og almannavarnaráðs færist til embættis ríkislögreglustjóra. Tilgangur og markmið þessara tveggja frumvarpa eru því ólík og beinast að ólíkum hagsmunum.

f.h.r.

e.u.

Elín Vigdís Hallvarðsdóttir.